

Mál nr. 311/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Víðtæk eignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Þjófnaður. Rán. Sönnun. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 1. janúar 2024, var M staddur við Hallgrímskirkju á gamlárskvöld þegar Rolex Submariner gold úr að verðmæti 2.500.000 kr. var tekið af honum. M lýstir atvikum á þann veg að allt í einu hafi maður pikkað í öxlina á honum, hann hafi litið við og á sama andartaki hafi annar maður komið og tekið umrætt úr af hendi hans. M gat ekki gefið nánari lýsingu á mönnunum. Mikill mannfjöldi hafi verið á svæðinu og þeir hafi horfið strax inn í mannhafið. Umrætt úr var vátryggt víðtækri eignatryggingu hjá V. M gerði kröfu um að fá úrið bætt úr tryggingunni en 4. janúar 2024 hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar og byggði á því að samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætti vátryggingin ekki tjón af völdum þjófnaðar sem ekki teldist innbrotsþjófnaður eða rán. Í framhaldinu lýsti M atvikum nánar í samskiptum sínum við V, þ.e. að gripið hafi verið um úlnliðinn á honum og hann teldi að um rán væri að ræða. Síðari atvikalýsingar M breyttu ekki afstöðu V. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti byggir M á því að samkvæmt lögregluskýrslu hafi verið um rán að ræða en ekki þjófnað. Höfnun V á bótaskyldu byggir því ekki á réttum grunni.

Í athugasemdum V er í fyrsta lagi byggt á að vísa skuli málskotinu frá nefndinni þar sem meira en ár sé liðið frá því að V hafnaði bótaskyldu í málinu. Fallist nefndin ekki á frávísun er byggt á því að hafna beri bótaskyldu úr vátryggingunni með vísan til g. liðar 4. gr. skilmála vátryggingarinnar. Í ákvæðinu segir að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotsþjófnaður eða rán.

Álit.

Í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga segir: „Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.“

Í tölvupósti V frá 4. janúar 2024 var bótaskyldu í málinu hafnað og bent á að hægt væri að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum innan eins árs frá tilkynningunni. Í tölvupóstinum kemur ekki fram hvaða afleiðingar það hefði ef ekki yrði aðhafst fyrir lok frestsins. Með vísan til fyrirliggjandi gagna er það mati nefndarinnar að frestur M til að krefjast meðferðar málsins fyrir nefndinni hafi ekki verið liðinn. V gætti ekki að því að öll skilyrði 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 væru uppfyllt og verður ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt g. lið 4. gr. skilmála vátryggingarinnar bæti vátryggingin ekki tjón af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotsþjófnaður eða rán. Í lögregluskýrslu dags. 1. janúar 2024 segir: „Hann kvaðst hafa verið staddur við Hallgrímskirkju um miðnætti sl. nótt. Allt í einu pikkaði einhver maður í öxl hans og hann leit við og í sama andartaki kom þá annar maður og tók úr hans, sem hann bar.“

Samkvæmt 1. mgr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er um rán að ræða þegar verðmæti eru tekin eða neydd út úr manni með líkamlegu ofbeldi. Eins og atvikum er lýst í fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að hér hafi ekki verið um rán að ræða, þ.e. M var ekki beittur líkamlegu ofbeldi af hálfu þeirra sem tóku úrið af honum í umrætt sinn. Skilyrði g. liðar 4. gr. skilmála vátryggingar er því ekki uppfyllt og nefndinni því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr víðtækri eignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir